

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Við Austurvöll

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1791**  
**komudagur 6.5.2014**

150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2014

**Efni: Frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, eiginfjárviðmið og ráðstöfun hagnaðar, 524. mál.**

Við er til óskar nefndarinnar um umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands (eiginfjárviðmið og ráðstöfun hagnaðar), 524. mál.

Afstaða Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins til frumvarpsins er jákvæð og mæla samtökin með samþykkt þess.


Frumvarpið er unnið í samstarfi fjármálaráðuneytis og Seðlabanka. Efnislega felur frumvarpið með sér að arðgreiðslureglu Seðlabankans til ríkissjóðs er breytt. Líkur á því að greiddur verði arður í ríkissjóð úr Seðlabankanum þegar eiginfjárstaða hans er veik eða að arðgreiðsla eigi sér stað sem gengur á eigin fé bankans eru takmarkaðar. Með þessu er fjárhagslegt sjálfstæði Seðlabankans treyst.

Þá er með frumvarpinu girt fyrir að ónauðsynlegt eigið fé safnist upp í Seðlabankanum umfram það sem þarf til að mæta þeirri áhættu sem hann metur að felist í efnahag og rekstri Seðlabankans. Slíkt er hagkvæmt fyrir ríkissjóð.

Virðingarfyllt,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



9. maí 2014

## Vinnuskjal

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum (ákvörðun um eiginfjárviðmið og ráðstöfun hagnaðar), 524. mál á 143. löggjafarþingi.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar með Seðlabankastjóra þann 6. maí síðastliðinn óskaði formaður nefndarinnar eftir athugasemdum við frumvarpið og tillögum að úrbótum.

Seðlabanki Íslands fagnar því að treysta eigi fjárhagslegt sjálfstæði bankans og er í megindráttum sammála þeim ramma sem lagt er upp með í frumvarpinu.

Seðlabankinn vill þó benda á nokkur atriði sem hann telur að betur mættu fara. Einkum varða þau viðhorf til eiginfjárstöðu bankans auk þess sem lagt er til að lagastoð sé styrkt til að tryggja nokkra mikilvæga þætti í starfsemi hans.

Lagt er til í frumvarpinu að **lögfest verði sérstök eiginfjárregla** sem mat á eiginfjárviðmiði Seðlabanka Íslands er ætlað að byggjast á. Slíkt gefur til kynna að eigið fé Seðlabankans eigi að vera við ákveðið viðmið. Engar algildar reglur eða viðmið eru til um eigið fé seðlabanka, þrátt fyrir að mikilvægt sé að ekki leiki vafi á fjárhagslegum styrk þeirra.

Seðlabankinn telur að mat á þörf bankans fyrir eigið fé eigi að vera skoðað sem lágmark þannig að þegar eigið féð er undir því viðmiði verði hagnaði ekki ráðstafað til ríkissjóðs. Sé eigið fé Seðlabankans hinsvegar metið nægjanlegt, þannig að ekki þurfi að leggja hagnað við eigið fé, þá sé hagnaði – að undanskildum innleystum hagnaði – ráðstafað til ríkissjóðs í heild sinni. Með þessari aðferðafræði skilar allur hagnaður bankans sér til ríkissjóðs þegar Seðlabankinn hefur nægjanlegan fjárhagslegan styrk.

Seðlabankinn telur rétt að styrkja ákveðna þætti í lögnum

- Heimild Seðlabankans til **ráðstöfunar hagnaðar inn á gangvirðisreikning** væri skýrari með beinni lagastoð. Slíkt er til samræmis við það sem tíðkast í seðlabankalöggjöf annarra ríkja. Seðlabönkum er ætlað að stýra lausafjárstöðu fjármálakerfisins og vill því tryggja að bankinn ráðstafi ekki hagnaði til ríkissjóðs með þeim hætti að það valdi peningaprentun. Einnig að gangvirðisbreytingar eigna gangi ekki um of á eiginfjárstöðuna. Því væri æskilegt að getið væri um gangvirðisreikning í lögum um Seðlabankann. Það mætti

gera með því að við 32. gr. laganna bættist ný málsgrein, en þá yrði 2. mgr., svohljóðandi:

*„Við reikningsskil Seðlabankans er heimilt að halda sérstakan reikning meðal eigin fjár, gangvirðisreikning, til að jafna hagnað og tap sem myndast án sjóðsstreymis.“*

- Mikilvægt er að Seðlabankinn hafi svigrúm til mats á lágmarks eigin fé en **óskýr útlistun á eiginfjárreglu** er ekki æskileg í lögum. Seðlabankanum er í lögum falin verkefni með almennum hætti sem hann framkvæmir í samræmi við markmið bankans og hlutverk, sbr. verðbólguþátt. Seðlabankinn er sammála þeirri aðferðafræði sem lýst er í 2. mgr. 34. gr. í frumvarpinu en telur þó vandmeðfarið að framkvæma lagaákvæði með þeim hætti sem lagt er upp með og má þar nefna sem dæmi að viðurkennd aðferðafræði er teygjanlegt hugtak. Í löggjöf um ráðstöfun hagnaðar seðlabanka í Danmörku og Finnlandi er aðferðafræði við mat ekki útlistuð en þess í stað er heimild til þess að efla eigið fé bankans þegar svo ber undir. Eftir áfallið 1992 í Finnlandi var ákvæði um ráðstöfun hagnaðar breytt til þess að byggja upp fjárhagslegan styrk seðlabankans. Nú er helmingi hagnaðar að lágmarki ráðstafað til eflingar eigin fjár seðlabankans en hægt er að ráðstafa allt að öllum hagnaðinum til eflingar eigin fjár „if this is justifiable because of the Bank's financial condition or the size of the reserve fund“. Því telur Seðlabankinn betur fara á því að fella út tillagðar 1.-2. mgr. 34. gr. í frumvarpinu, og í staðinn komi eftirfarandi málsgrein sem verði 1. mgr. 34. gr. laganna:

*„Árlega skal Seðlabanki Íslands greiða hagnað bankans í rikissjóð enda hafi hagnaðinum ekki verið ráðstafað inn á gangvirðisreikning eða honum ráðstafað til styrkingar eigin fjár bankans. Greiðsla fer fram eigi síðar en 30. apríl ár hvert.“*

Til samræmis við þetta þyrfti samhliða að aðlaga 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem yrði 2. mgr., þannig að hún yrði svohljóðandi:

*„Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar skv. 1. mgr., skal tekin af Seðlabankamum og skal hún grundvallast á fjárhagslegri stöðu bankans, markmiðum og hlutverki hans. Áður en ákvörðunin er tekin skal Seðlabankinn afla umsagnar ráðherra og skal ákvörðunin að lokum staðfest af bankaráði.“*

- **Eigin fjár framlag með markaðshæfum skuldabréfum** þarf skýra lagastoð til þess að vera óafturkræft og engin vafi má leika á að bankinn geti fengið framlagið afhent án skilyrða. Slíkt er forsenda fyrir því að hægt sé að eignfæra það sem óinnheimt áskriftarfjármagn og samhliða því lækka núverandi

kröfu Seðlabankans á ríkissjóð („skuldabréfið“). Seðlabankinn telur að lögfesta þurfi heimild til handa bankanum til eignfærslu óinnheimts áskriftarfjármagns í samræmi við ákvæði í 4. tilskipun Evrópusambandsins (78/660 EEC) um reikningsskil fyrirtækja og tilskipun þess um reikningsskil banka og annarra fjármálastofnana (86/635 EEC), en þar er gert ráð fyrir að meginreglan sé að óinnheimt áskriftarfjármagn sé bókfært sem brúttó eign. Þá þarf sérstaka lagaheimild til handa Seðlabanka Íslands sem heimilar honum að lækka stofnfé bankans, þegar honum hefur verið látið í té óinnheimt áskriftarfjármagn með tryggum hætti, til niðurgreiðslu skuldabréfsins. Tillaga Seðlabankans felur í sér að ríkissjóður afhendi vaxtaberandi markaðshæf skuldabréf sem bankinn hefur í vörslu sinni og getur tekið að hluta eða öllu leyti til sín telji hann sig ekki hafa yfir að ráða nægum vaxtaberandi eignum til að geta talist fjárhagslega sjálfbær eða til að ná markmiðum sínum skv. lögum. Seðlabankinn leggur því til ákvæði til bráðabirgða við löginn:

*„Við útgáfu innkallanlegs eigin fjár sbr. 34. gr. er Seðlabankanum heimilt að lækka stofnfé og ráðstafa til niðurgreiðslu á skuldabréfi sem ríkissjóður hefur gefið út til eflingar á eigin fé Seðlabankans, allt að 1,5% af vergri landsframleiðslu.“*

- Mikilvægt er að meðhöndlun á greiðslum hagnaðar til ríkissjóðs, á meðan bankinn heldur á kröfu sem ríkissjóður veitir bankanum til að efla eigið fé bankans, valdi ekki **lausafjárhrifum**. Því leggur Seðlabankinn til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við 2. gr. frumvarpsins:

*„Nú hefur ríkissjóður eflt eigið fé Seðlabankans með útgáfu ríkisskuldabréfs, eða annars konar skuldaviðurkenningu, og skal þá bankinn færa allar greiðslur hagnaðar til ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða samkvæmt þessari grein, til niðurgreiðslu viðkomandi kröfu á ríkissjóð þar til hún er að fullu greidd.“*